

Stjórnarfundur 27. Júní 2017

Mætt eru: Harpa, Kristín, Sibba, Falur, Munda, Gunnrún, Sigurrós, Guðrún Ósk, Guðný H., Anna Gunnl, Hilmar, Steindór, Sigurþór.

1. Þjálfarar

Búið er að ganga frá samningum við þjálfara fyrir næsta vetur. Eddi, Steindór, Helena, Jóhanna Sigurjóns verða áfram og hugsanlega Júlía og við hópinn bætist Jóna Helena.

Skipulag hópa verða með svipuðu sniði og verið er að vinna að æfingatöflum í samráði við þjálfara.

Jón verður áfram með þrekþjálfunina og verið er að ganga frá því hver verður með jógað en erum líklega komin með þjálfara þar.

Æfingagjöld

Lítill hækkun, aðeins 1-2%. Allt innifalið í æfingagjöldum áfram, mótagjöld, þrek, jóga og svo framvegis. Gjaldkerar og formenn sunddeildar Njarðvíkur og Keflavíkur ætla að hittast og fara yfir skiptingu með tilliti til fjölda og aldurs sundmanna milli félaganna.

2. Æfingaferð sumarið 2018.

Sjálfbóðaliðar í fararstjórn: Gunnrún, Guðrún, Árni og Unnur. Þau ásamt Steindóri fara í að skoða staði. Sundmenn sem mega fara eru þeir sem eru fæddir 2006 og eldri.

3. Önnur mál

Sumarfrí hjá afrekshópi 14. júlí – 1. ágúst (fram tíðarhópur byrjar líka 1. ágúst). Yngri hópar byrja 18. ágúst. Hefja þarf skráningu tímanlega.

Vinnudagur í haust þar sem öll mót verða sett upp.

Botninn niður 5. júlí.